

SKELJAMUNSTURPEYSA

ÚR BØRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN



SKELJAMUNSTURPEYSA

ÚR BÖRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN

Stærðir S/M (L) XL.

Ummál á bringu U.p.b. 100 (108) 116 sm.

Heildarlengd U.p.b. 58 (60) 62 sm.

Ermalengd U.p.b. 46 (48) 48 sm.

Garn

Börstet uld (150 metrar, 57% uld, 25% Alpaca, 18% nylon)

Magn: 5 (5) 6 hnotur, litur 434.

Prjónar

Hringprjónar nr. 6 og 9 (40 + 60 sm).

Sokkaprjónar nr. 6 ef vill fyrir ermastroff.

Prjónfesta 12 lykkjur tvöfalt perluprjón á prjóna nr. 9 = 10 sm.

Prjónaaðferð

Börstet uld er mjög mjúkt garn því er gott að gera prjónfestupröfu áður en byrjað er á peysunni.

Peysan er prjónuð í hring, byrjað neðst og prjónað upp.

Munsturprjónið er bara gert á framstykki og ermum.

Munstur

Tvöfalt perluprjón

1. – 2. umferð: 2 sléttar, 2 brugðnar.

3. – 4. umferð: 2 brugðnar, 2 sléttar.

Endurtakið þessar 4 umferðir.

Skeljamunstur

(36 lykkjur á framstykki og 18 lykkjur á ermum)

Þetta munstur er bara prjónað í miðju á framstykkinu yfir (36 lykkjur) og ermum yfir (18 lykkjur):

1. – 6. umferð: prjónið slétt yfir lykkjurnar.

7. umferð: *2 slétt saman - 3 sinnum, sláið upp á – 1 slétt- 6 sinnum, prjónið 2 slétt saman - 3 sinnum* (18 lykkjur í einu munstri) endurtakið yfir 36 lykkjurnar á framstykkinu og yfir 18 lykkjurnar á ermum.

8. umferð: brugðið yfir allar lykkjurnar.

Endurakið þessar 8 umferðir.

Bolur

36 lykkjur í miðju eru prjónaðar með skelja-munstri aðrar lykkjur eru prjónaðar með tvöföldu perluprjóni.

Fitjið upp 120 (132) (140) lykkjur á prjóna nr. 6 og prjónið í hring 7 sm. brugðningu (2 slétt, 2 brugðið). Skiptið yfir á prjóna nr. 9 og prjónið með þessari skiptingu: látið merkihring, (í stærðum L og XL er 1 lykkja aukin í fyrir perluprjónið) prjónið 12 (15) 17 lykkjur tvöfalt perluprjón, aukið í 1 lykkju, (allar stærðir) 34 lykkjur slétt, aukið í 1 lykkju, (allar stærðir) 12 (15) 17 lykkjur tvöfalt perluprjón, (stærðir L og XL: 1 útaukning fyrir perluprjónið) látið merkihring í stykkið, prjónið 62 (68) 72 lykkjur tvöfalt perluprjón.

Prjónið með þessari skiptingu (án útaukninga) þar til bolurinn mælist 38 (40) 42 sm. Fellið af 6 lykkjur í hvorri hlið fyrir handveg. Geymið bolinn.

Ermar

18 lykkjur í miðju eru prjónaðar með skelja-munstri aðrar lykkjur eru prjónaðar með tvöföldu perluprjóni.

Fitjið upp 28 (28) 32 lykkjur á prjóna nr. 6 og prjónið brugðingu eins og gert var á bolnum. Skiptið yfir á prjóna nr. 9 og prjónið 6 (6) 8 lykkjur tvöfalt perluprjón, aukið í 1 lykkju, prjónið 16 lykkjur slétt, aukið í 1 lykkju, 6 (6) 8 lykkjur tvöfalt perluprjón.

Prjónið áfram með þessari skiptingu en án útaukninga, tvöfalt perluprjón sitthvoru megin við skeljamunstrið =18 lykkjur) í miðju á erminni.

Aukið í 1 lykkju í byrjun og enda 8 (8) 8 hvernar umferðar þar til 44 (44) 48 lykkjur eru á prjónunum. Þegar ermin mælist um 44 (46) 47 sm.

(ATH! Passið að enda á sama stað í munstri og gert var á bolnum) eru felldar af 6 lykkjur í miðju á erminni fyrir handveg (= fellið af fyrstu 3 lykkjurnar, prjónið þar til eftir eru 3 lykkjur af umferðinni og fellið þær af.)

Geymið ermina og prjónið aðra ermi eins.

Berustykki

Sameinið ermar og bol á hringprjóninn þannig:

Byrjið við annan handveginn á bakstykkinu. Látið merkihring í stykkið og prjónið aðra ermina inn á prjóninn, látið merkihring, prjónið framstykkið og látið merkihring í stykkið, prjónið seinni ermina inn á hringprjóninn og látið merkihring í stykkið og prjónið bakstykkið = 186 (210) 222 lykkjur á prjóninum.

Haldið áfram með munsturprjónið eins og áður ásamt því að gera laskaúrtöku við hvern merkihring, byrjið aftan við 1. merkihringinn, gerið þannig: *1 slétt, 2 slétt saman, prjónið þar til 3 lykkjur eru að næsta merkihring, prjónið 2 snúið slétt saman, 1 slétt. * Endurtakið frá *til* út umferðina = 8 lykkjur teknar úr í umferð.

Endurtakið laskaúrtöku í 2. hverri umferð alls **16 (18) 19** sinnum.

ATH! Þegar búið er að taka allar perluprjónslykkjurnar eru skeljamunstur lykkjurnar teknar úr, nú gildir það að telja út frá miðju í munstri á hverju stykki svo það verði ekki of margar lykkjur á prjóninum. Þetta á við 7. umferðina í skeljamunstrinu.

Hálslíning

Þegar laskaúrtöku lýkur er skipt yfir á prjóna nr. 6 og prjónuð brugðning 2 sléttar, 2 brugðnar.

Í **stærðum**. S/M og XL eru teknar úr 2 lykkjur í fyrstu umferðinni (lykkjufjöldinn verður að vera deilanlegur með 4). Þegar líningin mælist um 3 sm. er felld af frekar laust.

Frágangur

Saumið handveginn saman.



Zing hringprjónar – sitthvor litur í stærð!

Þú færð garn og prjóna í JYSK, Hagkaup, Rokku, Nettó Egilsstöðum ofl. söluaðilum um land allt.

Einnig fæst allt á www.tinna.is

